

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Akranesi 29. apríl 2010

Efni: Umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana um frumvarp til laga frumvarp til varnarmálalaga (afnám Varnarmálastofnunar), 581. mál.

Þann 26. apríl 2010 barst undirrituðum til umsagnar fyrir hönd Félags forstöðumanna ríkisstofnana frumvarp til varnarmálalaga (afnám Varnarmálastofnunar), 581. mál.

Umsögn félagsins er eftirfarandi:

Félag forstöðumanna ríkisstofnana tekur ekki afstöðu til þeirra efnisatriða sem felast í frumvarpinu og lúta að niðurlagningu Varnarmálastofnunar, tilfærslu verkefna, sameiningu ráðuneyta eða annarra efnisatriða sem finna má í frumvarpinu og athugasemdum með því. Félagið telur hins vegar nauðsynlegt að vekja athygli á og fjalla um þá aðferðafræði sem beitt er í þessu tilviki við niðurlagningu stofnunar og niðurlagningu starfs forstöðumanns umræddrar stofnunar.

Fyrirliggjandi eru áform ríkisstjórnarinnar um endurskipulagningu opinberrar þjónustu, en þau voru kynnt á síðasta ári. Þar eru margháttaðar breytingar boðaðar á skipulagi stofnana, þar á meðal með niðurlagningu og sameiningu allmargra stofnana. Á grunni þessara áforma er nú unnið að endurskipulagningu opinberrar þjónustu í öllum ráðuneytum. Af hálfu Félags forstöðumanna ríkisstofnana hefur komið skýrt fram að mikilvægt sé í þessu ferli öllu að vinna að tillögugerð á þessu sviði í nánú samstarfi við forstöðumenn og starfsmenn umræddra stofnana og eftir atvikum félög forstöðumanna á einstaka fagsviðum. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á það að staðið sé að þessum málum með sambærilegum hætti á öllum sviðum þegar til dæmis kemur að réttindum starfsmanna og þar með forstöðumanna til áframhaldandi starfa hjá sameinaðri og/eða nýrri stofnun.

Þegar hafa verið lögð fram á þingi nokkur frumvörp sem tengjast áformum ríkisstjórnarinnar um endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Má þar nefna sameiningu skattstofa í landinu undir einni stjórn (226. mál), sem þegar hefur verið samþykkt, sameiningu þriggja rannsóknarnefnda á sviði samgöngumála (279. mál), sameiningu

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands (508. mál), sameiningu Vinnueftirlits og Vinnumálastofnunar í Vinnumarkaðsstofnun (555. mál) og sameiningu lögregluembættis (586. mál). Tekið er á stöðu og réttindum forstöðumanna þeirra stofnana sem í hlut eiga með afar mismunandi hætti í framangreindum frumvörpum. Í sumum tilvikum er viðkomandi forstöðumanni/forstöðumönnum tryggður forgangur til starfa hjá nýrri/sameinaðri stofnun, jafnvel forgangur til forstöðumannsstarfa, meðan í öðrum tilvikum er ekki gert ráð fyrir slíku, hvorki forgangi til starfa né yfirhöfuð starfi hjá nýrri stofnun. Sá mismunandi háttur sem hafður er á þessum málum milli frumvarp og tillagna ríkisstjórnarinnar, því í öllum tilvikum er um stjórnarfrumvörp að ræða, vekur upp ýmsar spurningar um ástæður þess að mismunandi leiðir eru valdar hvað þessi atriði varðar. Engin skýr svör koma fram um það í umræddum frumvörpum af hverju sú leið er valin sem valin er hverju sinni.

Það er mat Félags forstöðumanna ríkisstofnana að forstöðumenn stofnana hafi til að bera mikla þekkingu og reynslu á stjórnun stofnana og ekki síður þekkingu á því fagsviði sem um er að ræða hverju sinni. Rétt sé því og eðlilegt að reynt sé að tryggja að sú þekking og reynsla nýtist áfram inn á viðkomandi fagsviði, eins og raunar ráð er fyrir gert í nokkrum þeirra frumvarpa sem nú hafa verið lögð fram. Þegar sú leið er hins vegar ekki valin í öðrum tilvikum hljóta að vakna spurningar um það á hvaða grunni slíkt byggist og hvort ekki sé eðlilegt með hliðsjón af jafnræðisreglu og samræmi innan löggjafar og stjórnarsýslu að þessi mál séu afgreidd með samskonar hætti í öllum tilvikum. Félag forstöðumanna ríkisstofnana undirstrikar í þessu samhengi að félagið mælir ekki með einni leið fremur en annarri í þessum efnum heldur kallar fyrst og fremst eftir því að samræmis sé gætt að þessu leyti við þá miklu endurskipulagningu opinberrar þjónustu sem nú er hafin.


Það frumvarp sem hér er til meðferð fjallar í raun ekki um annað en að embætti forstjóra Varnarmálastofnunar er lagt niður. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að stofnunin muni starfa áfram fram að tilgreindu tímamarki og þá undir stjórn verkefnisstjórnar sem annast á daglegan rekstur hennar. Eins og rakið er í athugasemdum með frumvarpinu hafa engar ákvarðanir verið teknar um það hvar verkefnum stofnunarinnar verði komið fyrir og ýmsir óvissuþættir í þeim efnum raktir, þar á meðal áform um endurskipulagningu innan Stjórnarráðsins.

Í ljósi alls framangreinds er það mat Félags forstöðumanna ríkisstofnana að misræmis gæti í framlögðum stjórnarfrumvörpum þegar kemur að stöðu forstöðumanna stofnana

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

við niðurlagningu og sameiningu stofnana. Í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar virðist það einungis ganga út á að leggja niður starf forstöðumanns stofnunar, sem ekki á þó að leggja niður strax. Dagleg stjórnun stofnunarinnar á fram að því tímamarki að vera í höndum fjölskipaðs stjórnvalds, verkefnisstjórnar, án þess þó að verkefni hennar eða verksvið sé skilgreint nánar í lögum eða frumvarpinu. Vekur það ýmsar spurningar um ábyrgð og skiptingu verkefna sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru settar í hendur forstöðumanna. Má í því sambandi m.a. vísa í reglugerð um framkvæmd fjárlaga.

F.h. Félags forstöðumanna ríkisstofnana


Magnús Guðmundsson, formaður FFR
(magnus@lmi.is)

Heimilisfang: Landmælingar Íslands, Stillholt 16-18, 300 Akranes